

# Aðalfundur Markaðsstofu Norðurlands

kl. 13:00 fimmtudaginn 30. maí 2023 – Verbúðin Hrísey

Mættir stjórnarmenn: Viggó Jónsson formaður, Sara Sigmundsdóttir, Sigrún Hulda Sigmundsdóttir, Örn Arnarson og Þorbjörg Jóhannsdóttir varamaður.

Árman Örn Gunnlaugsson, Jóhanna Ey Harðardóttir, Hilda Jana Gísladóttir og Tómas Árdal varamaður boðuðu forföll.

Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri, Halldór Óli Kjartansson, Hjalti Páll Þórarinsson, Jóhannes Árnason, Katrín Harðardóttir og Rögnvaldur Már Helgason

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Formaður bar fram tillögu um Jóhannes Þór Skúlason sem fundarstjóra og Hjalta Pál Þórarinsson sem fundarritara. Tillagan samþykkt.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og byrjaði á að fara yfir lögmæti fundarins. Löglega var til hans boðað, engar athugasemdir bárust við boðun hans og telst hann því löglegur.

## 1. Skýrsla stjórnar

Sýndur var fyrri hluti myndbands þar sem starfsfólk MN fór yfir helstu verkefni síðasta árs.

Formaður tók því næst til máls. Hann fór í stuttu máli yfir helstu áskoranir og árangur í starfi MN árið 2023.

Mikið umrót í flugmálum á AEY. Niceair hætti starfsemi, easyJet hóf starfsemi, tengiflug Icelandair í 6 vikur. Flugklasinn var stofnaður 2011 og hefur skilað miklum árangri. Sést hvað það tekur mikinn tíma að opna nýjan áfangastað.

Gerir kröfu á Isavia að fjármagna kynningu á AEY og EGS í takt við það sem gert er í KEF.

Auka þarf skilning og stuðning við ferðapjónustuna til þess að hún fái þann sess sem hún á skilið, sem ein af okkar burðar-atvinnugreinum.

Samgöngur - vetrarþjónusta að Dettifossi, vegur að Hvítserk, opnun að Öskju o.fl.

Mörg verkefni í gangi

Mikill tími fór í að tryggja fjármögnun starfseminnar.

Megum aldrei missa sjónar á aðalmarkmiði MN - að markaðssetja Norðurland.

Formaður þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum fyrir samstarfið. Hann þakkaði einnig starfsfólki MN fyrir vel unnin störf.

Sýndur var seinni hluti myndbands frá starfsfólki MN.

## 2. Afgreiðsla ársreiknings

Framkvæmdastjóri lagði fram samþykktan og undirritaðan ársreikning MN 2023 til kynningar og fór yfir einstaka liði hans.

Framkvæmdastjóri vakti athygli á hversu mikill tími fer í að ná samningum til að tryggja fjármögnun starfsemi MN. Einnig að samningar um fjármögnun sveitarfélaga til MN eru einungis til eins árs, og að fjármögnun Flugklasans er mjög óviss eftir árið 2024.

Örn benti á að MN og Flugklasinn hafa opnað nýja gátt inn í landið – fyrir ótrúlega litla fjármuni. Mikilvægt að vakin sé athygli á þessu.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvað sér hljóðs.

## 3. Afgreiðsla fjárhagsáætlunar

Framkvæmdastjóri kynnti samþykta fjárhagsáætlun MN fyrir árið 2024.

Sigrún Hulda: Ótrúlega litlir fjármunir í ferða og fundakostnað miðað við starfsemina. Lagði líka áherslu á mikilvægi þess að sveitarfélög á svæðinu þurfi að halda áfram um ókomin ár að styðja starf MN ef eigi að vera hægt að reka hér ferðaþjónustu til framtíðar.

Örn: Akureyrarbær er líklega búinn að fá miklu meira til baka en hann hefur lagt inn í flugverkefnið. Skilur ekki að sveitarfélagið ætli að hætt stuðningi við verkefnið.

## 4. Stjórnarkjör

Halldór Óli kosningastjóri gerði grein fyrir kjöri stjórnar.

Að þessu sinni stóð kjörið um 2 sæti í stjórn, 1 á Norðurlandi eystra og 1 á Norðurlandi vestra.

Sigrún Huld Sigmundsdóttir sem var fulltrúi fyrir Berjaya Akureyri á Norðurlandi eystra fer úr stjórn.

Frambjóðendur í sæti Sigrúnar eru Edda Hrund Skagfield Guðmundsdóttir hjá Berjaya Akureyri sem hlaut kjör með meirihluta atkvæða, Helga Nína Helgadóttir frá SBA Norðurlandi og Jónas Þór Karlsson frá Sýsla ferðum.

Kynning framboða.

Á Norðurlandi vestra var Örn Arnarson að ljúka sínu kjörtímabili. Hann bauð sig fram til áframhaldandi stjórnarsetu og þar sem ekki bárust önnur framboð er Örn sjálfkjörinn.

Til varastjórnar buðu sig fram til áframhaldandi setu til eins árs Tómas Árdal hjá Arctic Hotels á Norðurlandi vestra og Þorbjörg Jóhannsdóttir Höldi á Norðurlandi eystra. Ekki bárust önnur framboð og eru þau Tómas og Þorbjörg því sjálfkjörin.

Tvö stjórnarsæti eru skipuð af landshlutasamtökunum SSNE og SSNV. Hilda Jana Gísladóttir situr áfram fyrir hönd SSNE og Katrín M. Guðjónsdóttir mun sitja í stjórn fyrir hönd SSNV.

Halldór las stutta kynningu frá nýkjörnum stjórnarmönnum frá Norðurlandi eystra.

Viggó flutti einnig stutta kynningu.

Fundarstjóri þakkaði frambjóðendum fyrir sitt framlag til uppbyggingar ferðaþjónustu á Norðurlandi.

## 5. Kjör endurskoðenda

Stjórn hefur samþykkt að halda endurskoðun óbreyttri í höndum KPMG.

## 6. Starfshættir stjórnar

Engar breytingar á starfsreglum stjórnar.

## 7. Önnur mál

Við sjáum myndband

Eftir fund munum við fá fróðleg erindi sem verða einnig tekin upp.

Diljá og Jóhannes frá SAF – Tekjur sveitarfélaga af ferðaþjónustu

Ársæll Harðarson – Fjarmarkaðir, hvernig er staðan í Asíu?

Linda María – Ferðaþjónustan í Hrísey og gönguferð um eyjuna fögru.

Formaður stígur í pontu.

Viggó slítur fundinn og býður fólki að þiggja kaffiveitingar.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Ekki kváðu fleiri sér hljóðs.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir fundinn og gaf að því búnu formanni orðið.

Formaður þakkaði traustið til áframhaldandi stjórnarsetu. Hann hrósaði einnig starfsfólki MN fyrir vinnu undanfarinna ára og ítrekaði mikilvægi samheldni og samstöðu allra sem vinna við ferðapjónustu.

Formaður sleit fundi kl. 13:40.

Fundarritari: Hjalti Páll Þórarinsson